

Borgarráð

Umsögn um tillögu að breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir umsögn fjármálaskrifstofu um tillögu framsóknar og flugvallarvinnar að breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum. Það sé íþyngjandi fyrir einstakling að vera á innherjalista en innherjum er gert að yfirfara reglulega og tilkynna regluverði um hverjir eru fjárhagslega tengdir honum í skilningi laganna. Það sé því rétt að fara gætilega í að skrá þá sem innherja sem ekki eru með innherjarupplýsingar sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerna. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir umsögn fjármálaskrifstofu þess efnis að komi upp tilvik þar sem aðili fær tímabundinn aðgang að innherjaupplýsingum þá skuli hann upplýsa regluverð um slíkt sem setur hann á lista yfir tímabundna innherja. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð vill áréttu að það er skylda þess sem verður þess áskynja að hann eða einhver annar búi yfir innherjaupplýsingum að tilkynna regluverði sem metur hvort það gefi tilefni til að setja viðkomandi á (tímabundið) innherjalista. Ef að það er niðurstaða regluvarðar tilkynnir hann viðkomandi um það.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Hjálagt:

Umsögn fjármálaskrifstofu um tillögu að breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum dags. 24.10.2016